

## GJALDSKRÁ

**SFH, Sambands flytjenda og hljómplötuframleiðenda,  
vegna flutnings markaðshljóðrita utan útvarpsstöðva.**

Með tilvísun til 47. gr. höfundalaga nr. 73 frá 1972 og skv. heimild í 2. gr. samþykktu Sambands flytjenda og hljómplötuframleiðenda, staðfestum af menntamálaráðuneytinu hinn 21. júlí 1973, er hér með sett svofelld gjaldskrá:

Þóknun til SFH fyrir notkun markaðshljóðrita til opinbers tónflutnings í markaðs-söluskyni utan útvarpsstöðva skal nema 60% af samningsbundnum eða löglega ákveðnum gjöldum til Sambands tónskálda og eigenda flutningsréttar fyrir opinberan flutning. Þó þannig að frá og með 1. mars 1996 skal álagið aðeins nema 40%. Frá og með 1. júlí 1996 50% og að lokum fullt gjald þ.e. 60% frá og með 1. júlí 1997.

Gjaldskyldir eru þeir aðilar, sem nota vernduð markaðshljóðrit til tónflutnings utan útvarpsstöðva. Þóknun til SFH greiðist, hvort heldur um er að ræða beina notkun hljóðrita eða óbeina eftir útvarpi.

Með birtingu þessari staðfestist hér með framangreind gjaldskrá á grundvelli 47. gr. höfundalaga nr. 73/1972 með síðari breytingum.

*Menntamálaráðuneytinu, 26. mars 1996.*

**Björn Bjarnason.**

*Þórunn J. Hafstein.*

**Endurprentað blað.**